

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 463/1988 um Atvinnuþryggingarsjóð útlutningsgreina sbr. reglugerð nr. 505/1988.

#### 1. gr.

1. gr. orðist svo:

Hlutverk Atvinnuþryggingarsjóðs útlutningsgreina er að veita lán til skipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar hjá fyrirtækjum er framleiða til útlutnings. Jafnframt skal sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum fyrirtækja í útlutningsgreinum í föst lán til langs tíma.

Þegar sérstaklega stendur á er sjóðnum heimilt að kaupa hlutdeildarskírteini hjá hlutafjárjóði Byggdastofnunar og leysa til sín húseignir og búnað fyrirtækja sem lið í fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra.

Heimili og varnarþing Atvinnuþryggingarsjóðs er í Reykjavík.

#### 2. gr.

3. gr. orðist svo:

Forsætisráðherra skipar átta menn í stjórn Atvinnuþryggingarsjóðs, þar af þrjá að höfðu samráði við formenn þingflokka. Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og viðskiptaráðherra tilnefna hver um sig einn stjórnarmann. Forsætisráðherra skipar formann sjóðsstjórnar án tilnefningar.

Forsætisráðherra skipar varamenn í stjórn Atvinnuþryggingarsjóðs. Skulu þeir tilnefndir á sama hátt og aðalmenn.

Forsætisráðherra veitir stjórn Atvinnuþryggingarsjóðs lausn og ákveður þóknun sjóðsstjórnar.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 9, 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir öðlast þegar gildi.

*Forsætisráðuneytið, 2. október 1989.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

## AUGLÝSING

### um flutning prestsseturs í Bjarnanesprestakalli í Skaftafellsprófasts- dæmi frá Bjarnanesi að Höfn.

Samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 35, 9. maí 1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð og með vísan til umsagnar biskups, héraðsprófasts, sóknarprest og meirihluta viðkomandi sóknarnefnda er hér mælt svo fyrir að aðsetursstaður sóknarprests í Bjarnanesprestakalli skuli flytja frá Bjarnanesi í Nesjahreppi að Höfn í Hornafirði.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. september 1989.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Þorsteinn Geirsson.*